

REGLUR

um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri.

1. gr.

Almennt um námsmat við Háskólann á Akureyri.

Námsmat við Háskólann á Akureyri (HA) byggir á símati og/eða lokamati. Með *símati* er átt við námsmat sem fer fram utan reglulegrar próftíðar, til dæmis með símatsprófum, ritgerðum, munnlegum og skriflegum skýrslum, dagbókum, námsmökkum, vettvangsnámi eða þátttöku í kennslustundum. Með *lokamati* er átt við formlegt mat í lok misseris, svo sem próf í reglulegri próftíð, ritgerð, málstofu, vörn eða mat á verklegu námi.

Umsjónarkennarar námskeiða ákveða tilhögun námsmats í samráði við stjórnendur á fræðasviði (forseta, deildarformann eða brautarstjóra) og skal hún kynnt nemendum í kennsluáætlun eigi síðar en á upphafsdegi námskeiðs. Eftir að námskeið er hafið eru breytingar á tilhögun námsmats háðar samþykki allra nemenda og kennara í hlutaðeigandi námskeiði. Deildarformenn og brautarstjórar skulu samræma skiladaga verkefna og prófdaga innan brautar eða deildar á hverju misseri í samvinnu við umsjónarkennara.

Hver deild eða fræðasvið getur sett sér nánari reglur um námsmat sitt innan ramma reglna um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri en þær eru þó háðar samþykki háskólaráðs.

Við námsmat skal taka sanngjarnt og eðlilegt tillit til nemenda sem sannanlega eru með viðurkenndar sérþarfir, s.s. varðandi verkefnaskil, próftíma, nauðsynlegan búnað og staðsetningu prófa. Miða skal við „Stefnumótun um jafnt aðgengi að námi og störfum við Háskólann á Akureyri“. Óski nemandi eftir sérúrræðum við verkefnagerð eða prófatöku skal hann leggja fram faglegt mat sérfræðings um námsþarfir hans á grundvelli skerðingar, áfalls eða veikinda.

2. gr.

Hlutverk og skyldur kennara.

- a) *Undirbúningur prófs.* Umsjónarkennari samræmir prófspurningar í námskeiði sem hann hefur umsjón með, setur upp prófið og skilar því fullbúnu á tölvutæku formi eða tilbúnu til ljósrítunar til prófstjóra eigi síðar en þremur virkum dögum fyrir prófdag. Próf sem prófstjóra er afhent til fjölföldunar skal vera skýrt og skilmerkilegt og spurningarnar tölusettar í samfelldri röð. Ef próf skiptist í hluta skal hver prófhluti hafa fyrirsögn og vægi prófhlutans í heildarprófinu tiltekið í heilum prósentum. Vægi hverrar spurningar skal tiltekið í heilum prósentum. Á forsiðu prófs skal tiltekið nafn og númer námskeiðs, nafn fræðasviðs og deildar, próftímabil, leyfileg hjálpargögn og nafn og símanúmer kennara. Eigi að nota svarblað fyrir krossapróf skal þess getið á forsiðu prófs. Sé krossaprófi svarað á bæði svarblaði og prófinu sjálfu gilda þau svör sem merkt eru á svarblaði.
- b) *Hlutverk kennara í prófi.* Í prófi á nemandi rétt á að fá útskýringar á orðalagi prófspurninga. Kennarar skulu vera tiltækir á meðan próf stendur yfir. Í undantekningartilfellum er kennara heimilt að verða sér úti um staðgengil með faglega þekkingu á prófsefninu. Kennara og staðgengli ber þá að fara í sameiningu yfir prófverkefnið áður en próf er haldið. Skal umsjónarkennara og prófstjóra tilkynnt um staðgengilinn.
- c) *Meðferð prófúrlausna.* Umsjónarkennari tekur á móti prófúrlausnum frá prófstjóra og kvittar fyrir móttöku þeirra. Ef um fleiri en einn kennara er að ræða kemur umsjónarkennari úrlausnum til viðkomandi kennara. Umsjónarkennari skipuleggur sýnidag prófs, sbr. 7. gr. c, og kemur úrlausnum til varðveislu hjá prófstjóra að lokinni prófsýningu. Að liðnum tveimur árum frá prófdegi skal úrlausnum eytt.
- d) *Einkunnaskil.* Umsjónarkennari skráir og birtir lokaekinnun eigi síðar en á tólfta virka degi eftir prófdag. Kenni fleiri en einn kennari á námskeiði skal skila einkunnum úr einstökum prófhlutum til umsjónarkennara eigi síðar en tíu virkum dögum eftir að próf er haldið. Nemendum skulu birtar einkunnir úr símatsþáttum innan 30 daga frá skila- eða prófdegi. Lokaekinnunir úr próflausum námskeiðum skal birta eigi síðar en á tólfta virka degi eftir að reglulegri próftíð lýkur. Tilkynna

ber nemendum og deildarformanni ef veikindi kennara eða aðrar óviðráðanlegar aðstæður koma í veg fyrir að hægt sé að birta einkunnir námskeiðs á tilskildum tíma.

- e) *Eldri próf.* Prófsurningar úr öllum prófum úr reglulegri próftíð eru varðveittar í 3 ár. Prófsurningar fara að jafnaði á bókasafn háskólans þegar viðkomandi skólaári er lokið. Aðgangur nemenda að eldri prófum er veittur skv. upplýsingalögum nr. 140/2012.

3. gr.

Hlutverk og skyldur prófstjóra.

Prófstjóri annast undirbúning og framkvæmd reglulegra prófa, prófa í sjúkra- og endurtökupróftíð og á sérstökum símatdögum. Ekkert próf á þessum tíma má halda án samráðs við prófstjóra. Prófstjóri eða staðgengill hans skal vera tiltækur á meðan prófin standa yfir.

Verksvið prófstjóra er:

- a) Að sjá um gerð próftöflu, leita athugasemda við hana hjá kennurum og nemendum og birta endanlega próftöflu.
- b) Að tryggja samræmingu á framkvæmd prófa í öllum deildum og á prófstöðum.
- c) Að tryggja að námsmatsreglum og viðurlögum við brotum á þeim sé framfylgt, sbr. 8. gr.
- d) Að skipa prófum í stofur, ráða prófverði og skipuleggja yfirsetur.
- e) Að sjá um, í samvinnu við aðra starfsmenn, að úrlausnir berist til viðkomandi umsjónarkennara.
- f) Að vera til ráðgjafar um framkvæmd prófa og túlkun námsmatsreglna.
- g) Að láta prófvörðum í té nákvæmar leiðbeiningar um störf sín.
- h) Að sjá um að úrræðum vegna nemenda með sérþarfir sé framfylgt.

4. gr.

Skipun prófdómara.

Prófdómari skal skipaður af forseta fræðasviðs í eftirfarandi tilvikum:

- a) Vegna munnlegra og verklegra prófa.
- b) Vegna lokaverkefna í framhaldsnámi.
- c) Vegna samkeppnisprófa þar sem viðhafðar eru fjöldatakmörkanir (numerus clausus).
- d) Vegna sérstakrar beiðni meirihluta nemenda eða umsjónarkennara um að prófdómari fari yfir námsmat með tilliti til uppbyggingar og markmiða námskeiðs.
- e) Vegna beiðni nemenda sem ekki hafa náð tilskilinni lokaeinkunn í námskeiði, sbr. 7. gr. d, og gildir þá einkunn prófdómara 100%.

Prófdómari skal að jafnaði hafa lokið viðurkenndu fullnaðarprófi við háskóla (a.m.k. meistara- eða kandídatprófi) í þeirri grein sem prófdæma skal eða skyldum greinum, eða hafa getið sér orðstír fyrir fræðimennsku í greininni. Prófdómari og kennari gefa hvor um sig sjálfstætt einkunn og gilda þær jafnt í einkunnagiöf eða 50% af heildareinkunn hvor um sig, nema skv. 4. gr. e. Prófdómari vinnur skv. verklýsingu sem samþykkt er af gæðaráði.

5. gr.

Próftíðir og skráning í próf.

Regluleg próftíð er í lok hvors kennslumisseris í desember og apríl/máí. Í kennslualmanaki skal koma fram hvenær drög að próftöflu og endanleg próftafla eru birt. Endanleg próftafla skal liggja fyrir áður en frestur til að staðfesta skráningu í námskeið rennur út. Að lokinni reglulegri próftíð eru haldin sjúkra- og endurtökupróf vegna viðkomandi kennslumisseris.

- a) *Skráning í próf í reglulegri próftíð.* Í upphafi kennslumisseris staðfesta nemendur skráningu í þau námskeið er þeir sækja. Staðfesting gildir sem skráning í próf námskeiðsins. Lokadagar úrsagna úr prófum í reglulegri próftíð eru ákveðnir af háskólaráði og birtir í kennslualmanaki. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist nemendaskrá eigi síðar en á lokadegi úrsagnar.
- b) *Árekstrar í próftöflu.* Nemandi sem hyggst taka fleiri en eitt próf sem haldin eru á sama tíma skal koma upplýsingum um það til prófstjóra með a.m.k. viku fyrirvara, þannig að gera megi ráðstafanir til að taka megi prófin hvert á fætur öðru.

- c) *Fjarvist í prófi.* Nemandi sem ekki mætir til prófs vegna veikinda (þ.m.t. veikinda barns) eða annarra áfalla skal tilkynna forföll samdægurs. Læknisvottorði eða vottorði frá sérfræðingi vegna forfalla skal skilað til nemendaskrár eigi síðar en fimm virkum dögum eftir að próf var haldið, annars telst nemandinn hafa þreytt prófið. Nemandi sem kemur ekki til prófs og hefur ekki skilað vottorði telst hafa þreytt prófið og fær einkunnina F.
- d) *Sjúkra- og endurtökupróf.* Þegar a.m.k. 10 virkir dagar hafa liðið frá lokum reglulegrar próftíðar eru haldin sjúkra- og endurtökupróf vegna námskeiða viðkomandi misseris. Skráningu í sjúkra- og endurtökupróf skal vera lokið eigi síðar en einni viku fyrir áætlaðan próftíma eða innan sólarhrings frá birtingu lokaeykunnar hafi hún ekki verið birt þá. Sjúkrapróf vegna samkeppnisprófa eru haldin strax að lokinni reglulegri próftíð.
- e) *Námsmat af fyrri misserum.* Áður en frestur til að staðfesta skráningu í námskeið rennur út getur nemandi sem á kost á að brautskrást við næstu brautskráningu að próftímabili loknu sótt um til deildarformanns að fá að klára námsmat í námskeiðum af fyrri misserum eigi nemandi enn próftökurétt, sbr. 5. gr. f, í viðkomandi námskeiðum, ef námskeið er fléttukennt og/eða ef um eitt námskeið sem nemandi hefur ekki náð lágmarkseinkunn í er að ræða.
- f) *Próftökuréttur.* Nemendum er skylt að taka þátt í öllu námsmati þeirra námskeiða sem þeir eru skráðir í. Nemandi sem ekki hefur náð lágmarkseinkunn, verið fjarverandi án lögmætra forfalla eða ekki skilað námsmatsþætti á rétt á að endurtaka viðkomandi námsmatsþátt einu sinni. Rétturinn til endurtöku án lögmætra forfalla gildir þó ekki um ástundun sem er hluti af námsmati. Nemandi sem hefur náð tilskilinni lágmarkseinkunn má endurtaka námsmatsþáttinn ef endurtaka er haldin og gildir þá síðasta einkunn. Nemanda sem ekki hefur náð lágmarkseinkunn í námskeiði og hefur skilað inn vottorði vegna námsmatsþáttar á misseri, í reglulegri próftíð og/eða sjúkra- og endurtökupróftíð er heimilt að endurtaka hann næst þegar viðkomandi námsmat fer fram í námskeiðinu. Hafi nemandi þá ekki náð lágmarkseinkunn verður hann að endurskrá sig í námskeiðið.
- g) *Próftökugjald.* Háskólanum er heimilt að innheimta próftökugjald sem ákveðið er af háskólaráði fyrir endurtökupróf og skal greiðsla fara fram við skráningu í próf. Skráning í endurtökupróf er ekki gild nema prófgjald berist áður en skráningarfrestur í prófið rennur út.
- h) *Aðrir námsmatsþættir.* Vegi símatþáttur minna en 30% getur kennari heimilað endurtöku á viðkomandi misseri. Kennari má jafnframt heimila endurtöku á verklegum þætti utan sjúkra- og endurtökuprófa. Þá er kennara heimilt að gefa nemanda leyfi til að skila verkefnum eftir skiladag, enda hafi kennari gengið úr skugga um að brýnar persónulegar ástæður liggja að baki slíkri beiðni.

6. gr.

Framkvæmd prófa.

- a) *Almennt um próftöku.* Ætlast er til að nemendur séu mættir til prófs fimm mínútum áður en það hefst. Mæti nemandi meira en einni klukkustund eftir að próf hefst fær hann ekki að þreyta prófið. Nemandi skal hafa með sér skilríki með mynd og láta liggja á borði sínu. Nemandi má ekki hafa yfirhöfn, síma, töskur eða annan búnað, sem ekki tilheyrir leyfilegum hjálpargögnum, við prófborðið. Óheimilt er að valda truflun í prófstofu.
- b) *Viðvera nemenda í prófi.* Nemendum er aðeins heimilt að yfirgefa prófborð áður en þeir hafa lokið prófinu til þess að fara á salerni, og aðeins undir eftirliti fylgdarmanns. Enginn má yfirgefa prófstofu áður en ein klukkustund er liðin frá upphafi próftíma. Nemendur sem ljúka prófi áður en tilskildum próftíma lýkur skulu fara frá prófstofu og gæta þess að trufla ekki þá sem enn eru í prófi.
- c) *Próftími.* Ef ófyrirsjáanleg truflun hefur orðið á framkvæmd prófs getur prófstjóri breytt próftíma og ber að tilkynna nemendum það samstundis. Að öðru leyti er ekki hægt að breyta lengd próftíma eftir að próf er hafið nema að ósk umsjónarkennara og með samþykki prófstjóra. Að loknum próftíma ber öllum að skila úrlausnum þegar í stað.
- d) *Skil á úrlausnum.* Í öllum skriflegum prófum ber að skila úrlausnum merktum með nafni og/eða kennitölu ásamt prófspurningum og rissblöðum til prófvarðar að prófi loknu. Í samsettum prófum skulu nemendur svara hverjum prófhluta á sérstöku blaði.

- e) *Skráðir prófstaðir.* Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar, háskólasetur og -félög eða sveitarfélög geta óskað eftir því að vera skráðir prófstaðir HA. Uppfylli staðurinn gæðakröfur HA getur prófstjóri samið við viðkomandi stað um prófahald hafi það engan aukakostnað í för með sér fyrir HA. Nemendur geta tekið próf á öllum skráðum prófstöðum enda séu þeir skráðir í próf á þeim stað.
- f) *Próf utan skráðra prófstaða.* Ef nemandi æskir þess að sitja próf annars staðar en á skráðum prófstað HA getur hann sótt um það til prófstjóra a.m.k. þremur vikum fyrir áætlaðan prófdag eða upphaf próftíðar. Um slíkt þarf að sækja á hverju misseri sem nemandinn óskar eftir því. Nemandi verður að útvega prófstað sem uppfyllir gæðakröfur HA og getur prófstjóri heimilað próftöku ef próftími skarast við fyrstu prófklukkustund og þessi framkvæmd hafi engan aukakostnað í för með sér fyrir HA.

7. gr.

Einkunnir.

- a) *Lokaeinkunn í námskeiði.* Umsjónarkennari ber ábyrgð á að reikna út, skrá og birta lokaeinkunn nemanda í námskeiði í nemendaskrárkerfi háskólans. Hafi nemandi staðist námsmatsþátt en ekki náð tilskilinni lokaeinkunn, gildir einkunn fyrir þann námsmatsþátt sem nemandinn stóðst meðan nemandinn hefur próftökurétt, sbr. 5. gr. f, nema deild ákveði aðra reglu, en þó aldrei skemur. Nemendur skulu ná lágmarkseinkunn í öllum hlutum námsmats, nema annað sé tekið fram. Nemandi þarf ekki að endurtaka námsmatsþátt sem hann hefur staðist á meðan hann hefur próftökurétt. Lágmarkseinkunn til þess að standast námsmat eða námsmatsþátt í námskeiði er að jafnaði einkunnin 5, sbr. 7. gr. e, og getur aldrei orðið lægri. Fræðasviðs- eða deildarfundur getur ákveðið að námskeið sé metið með bókstaf S (staðið). Nemendaskrá og skrifstofustjórar sjá um skráningu vegna vottorða og metinna námskeiða. Nemendaskrá annast varðveislu lokaeinkunna.
- b) *Útskýringar á námsmati.* Nemandi á rétt á að fá útskýringar á námsmati innan 15 daga frá birtingu þess. Útskýringar á námsmati fela í sér að kennari gefi nemanda upp sundurliðaðar einkunnir og útskýringar á hverri einkunn, þar með talið einkunnir fyrir hverja spurningu í prófi.
- c) *Sýnidagur prófs.* Eftir próf í reglulegri próftíð skal halda sýnidag prófs innan 15 daga frá birtingu lokaeinkunnar. Á sýnidegi prófs hefur nemandi rétt til að sjá skriflega úrlausn sína og fá útskýringar á námsmati sbr. 7. gr. b. Kennara er heimilt í samráði við nemanda sem ekki á kost á að nýta sýnidag prófs, að finna annan tíma.
- d) *Skipun prófdómara.* Nemandi sem ekki hefur staðist námskeið og unir ekki lokamati að fenginni útskýringu, getur óskað eftir skipun prófdómara, sbr. 4. gr. e, og fer hann yfir alla námsmatsþætti nemandans í námskeiðinu. Skrifleg beiðni þar um skal berast sviðsforseta innan fjögurra vikna frá birtingu lokaeinkunnar. Um skipun prófdómara gildir 4. gr.
- e) *Útreikningur á einkunnum.* Lokaeinkunnir í námskeiðum skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0–10 svo sem hér segir:

0–2,49% gefur einkunnina	0,0	47,5–52,49% gefur einkunnina	5,0
2,5–7,49%	0,5	52,5–57,49%	5,5
7,5–12,49%	1,0	57,5–62,49%	6,0
12,5–17,49%	1,5	62,5–67,49%	6,5
17,5–22,49%	2,0	67,5–72,49%	7,0
22,5–27,49%	2,5	72,5–77,49%	7,5
27,5–32,49%	3,0	77,5–82,49%	8,0
32,5–37,49%	3,5	82,5–87,49%	8,5
37,5–42,49%	4,0	87,5–92,49%	9,0
42,5–47,49%	4,5	92,5–97,49%	9,5
		97,5–100%	10,0

- f) *Önnur einkunnagjöf.* Eftirfarandi bókstafir eru auk þess notaðir í einkunnakerfi HA: S (staðið), L (lokið), M (metið), F (fjarverandi), V (vottorð), Ó (ólokið).

- g) *Lokaeinkunn námsferils.* Lokaeinkunn námsferils er vegið meðaltal allra einkunna til lokaprófs. Lokaeinkunn námsferils reiknast með tveimur aukastöfum og er 9,00–10,00 ágætiseinkunn, 7,25–8,99 fyrsta einkunn, 6,00–7,24 önnur einkunn og 5,00–5,99 þriðja einkunn.

8. gr.

Brot á námsmatsreglum.

Brot á námsmatsreglum varða 19. gr. laga um opinbera háskóla.

- a) *Brot í prófi.* Sé nemandi grunaður um að hafa rangt við í prófi í umsjón prófstjóra, úrskurðar prófstjóri eða staðgengill hans um viðeigandi málsmeðferð. Uni kennari, nemandi eða annar hlutaðeigandi aðili ekki úrskurði prófstjóra skal ágreiningnum vísað til úrskurðar rektors eða staðgengils hans. Hafi nemandi orðið uppvís að því að hafa rangt við í prófi er prófverkefnið og úrlausnin gerð upptæk og nemandi vísað úr prófinu.
- b) *Önnur brot.* Varðandi önnur brot á námsmatsreglum er vísað til siðareglna HA og reglna HA um viðurlög við ritstuldi nr. 746/2009.

9. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 með áorðnum breytingum, sbr. 21. gr. og reglum fyrir Háskólann á Akureyri nr. 387/2009 með áorðnum breytingum, sbr. 34. gr. og taka gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um námsmat fyrir Háskólann á Akureyri nr. 885/2009 með áorðnum breytingum.

Þannig samþykkt í háskólaráði Háskólans á Akureyri, 20. september 2018.

Eyjólfur Guðmundsson rektor.